

131

18. sept.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa á hverjum tíma:

1. presturinn í Torfastaðaprestakalli, sem persónlega sjálfur afhendir styrkþegum það, sem þeir fá úr sjóðnum í hvert sinn;
2. héraðslæknirinn;
3. elzti afkomandi Halldóru Snorradóttur, sem á hverjum tíma á heima í Biskupstungnahreppi eða sá, sem hann felur umboð sitt. En verði einhverju sinni ekki vól neins afkomanda hennar, þá kjósi prestur og héraðslæknir konu, búsetta í sveitinni, í stjórn sjóðsins með sér.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Þó er stjórn hans heimilt að geyma hann í vel tryggðum ríkisskuldabréfum, enda sé að því sýnilegur vaxtahagnaður.

6. gr.

$\frac{1}{3}$ vaxta sjóðsins leggist ávallt við stofn hans, en $\frac{2}{3}$ má á hverju ári veita blindu fólki til styrktar og glaðnings. En komi það fyrir, að um engan blindan styrkþega verði að ræða í hreppnum eða úthlutunarupphæðin svo há, að stjórn sjóðsins telji óþarft að láta hana alla ganga til þeirra, er 3. gr. ræðir um, þá má hún styrkja með slíku umframté blint fólk, þó annars staðar eigi heima, en þá sérstaklega þá, sem áður hafa átt heima í Biskupstungum.

7. gr.

Aldrei má nota fé sjóðsins til greiðslu á sveitarstyrk né til þess að koma í stað hans.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans, en endurskoðun þess heyrir undir sjúkratryggingu (sjúkrasamlag) Biskupstungnahrepps.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

Laugarási, 30. júlí 1944.

Eiríkur Þ. Stefánsson,
sóknarprestur í Torfastaðaprestakalli.

Ólafur Einarsson,
héraðslæknir.

Guðrún Víglundardóttir,
Höfða.

132

18. sept.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðmundar Jónssonar og Sigríðar Gísladóttur frá Purkey“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. september 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðmundar Jónssonar og Sigríðar Gísladóttur frá Purkey.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar Jónssonar og Sigríðar Gísladóttur frá Purkey.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1944 með dánargjöf Kristínar, dóttur nefndra hjóna, og er stofnfé hans 500 — fimm hundruð — krónur.

132

18. sept.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er þegar lagt fram, og getur það aukizt með tillögum þeirra afkomenda téðra hjóna eða annarra, sem síðar kynnu að vilja styrkja hann. Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, og má aldrei skerða höfuðstól hans.

4. gr.

Fyrstu 10 árin skulu vextir allir lagðir við höfuðstólinn. Að liðnum þeim tíma er stjórn sjóðsins heimilt að verja $\frac{2}{3}$ — tveim þriðju — vaxta hans til fátækra munaðarlausra únglinga 14 til 18 ára, er stunda vilja bóklegt eða verklegt nám og lögheimili eiga í Klofningshreppi í Dalasýslu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, sýslumanni Dalasýslu, oddvita Klofningshreypps og sóknarpresti Dagverðarneskirkju, sem er formaður stjórnar sjóðsins. Ber stjórn sjóðsins að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa inn í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, og allt sem varðar hag og rekstur sjóðsins, enn fremur færi stjórnin bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, sem færast í ársreikning sjóðsins, sem gerður skal upp í janúarmánuði árlega, og sendur sýslunefndinni í Dalasýslu til endurskoðunar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

ARÐSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Rangæinga.

133

21. sept.

Djúpárhreppsdeild:	Einingar
Unuhóll I	5
Unuhóll II	5
Eystra Tobbakot	4
Vestra Tobbakot	4
Bali (með Gvendarkoti)	8
Húnakot	3
Hraukur	4
Litla-Rimakot	3
Stóra-Rimakot	4
Suður-Nýjabær	5
Vatnskot I	4
Vatnskot II	4
Hái Rimi	9
Norður-Nýjabær	7
Melur	5
Miðkot	5
Jaðar	5